

Sprotasjóður 2010-2011

**Hamraskóli
Heildstætt íslenskunám í 6. – 7. bekk
Lokaskýrsla**

Markmið

Markmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar að innleiða hugmyndafræði og kennsluhætti sem eiga uppruna sinn í Ardleigh Green grunnskólanum í London og innleiddir hafa verið á yngra stigi Hamraskóla í 6. og 7. bekk, svokallað hringekjuform. Hins vegar að endurskoða íslenskukennslu og vinna heildstæð námsmarkmið í íslensku fyrir nemendur í 6. og 7. bekk. Mælanleg markmið verkefnis voru eftirfarandi:

- *Aukinn árangur á samræmdum könnunarprófum í íslensku í 7. bekk haustið 2011.*
- *Fleiri tækifæri til að mæta þörfum hvers og eins*
- *Jákvæðara viðhorf nemenda til íslenskunáms*
- *Aukin þátttaka foreldra í námi*
- *Virki þátttaka nemenda í eigin námi og aukin ábyrgð þeirra*
- *Einfaldara og gegnsærra mat kennara á námsframvindu nemenda*
- *Aukin færni nemenda í framsögn og tjáningu*

Leiðir að markmiðum

Umsjónarkennarar/íslenskukennarar í 6. – 7. bekk hittust á reglulegum fundum til að vinna að endurskoðun markmiða í íslensku, drögum að vegvísi og gerð kennsluáætlana. Umsjónarkennarar í 6. – 7. bekk unnu með kennurum í 1. – 5. bekk við að skilgreina markmið í íslensku og tengja þau heildstæðum markmiðum sem til eru fyrir 1. – 5. bekk. Þannig urðu til heildstæð markmið í íslensku í 1. – 7. bekk í skólanum. Þessi vinna fór fram á vinnufundum innan og utan hefðbundins vinnutíma.

Kennarar í 6. – 7. bekk fóru í vettvangsheimsóknir til kennara í 1. – 5. bekk og fylgdust með kennslu í anda ofangreindrar hugmyndafræði. Öll íslenskukennsla í 6. bekk var samkvæmt hugmyndafræðinni og var kennsluháttum breytt til samræmis við hana. Breyttir kennsluhættir voru prófaðir í íslenskukennslu í 7. bekk.

Frávik miðað við verkáætlun

Ekki tókst að ljúka vinnu við vegvísa eða einstaklingsmiðaðra áætlana fyrir hvern og einn. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu haustið 2011. Ekki urðu breytingar á kennsluháttum í íslensku í 7. bekk nema að hluta.

Helstu hindranir

Tímaskortur var helsta hindrun þess að mögulegt væri að ná öllum markmiðum verkefnisins.

Helstu ávinningar

Nemendur voru ánægðari í íslensku, þeir voru tilbúnari en áður til að vinna krefjandi verkefni og árangur var góður vorið 2011 í 6. bekk. Þá varð til samfella í íslenskunámi allt frá 1. – 7. bekk. Kennarar í 6. – 7. bekk tengdust kennurum í 1. – 5. bekk á annan hátt en áður var og meiri samvinna var á milli árganga. Aðrir kennarar skólans, óháð námsgrein, hafa í auknum mæli kynnt sér störf kennara í 1. – 7. bekk og margir prófað að kenna skv. hugmyndafræði og kennsluháttum sem viðhöfð eru í íslenskunni. Fagmennska kennara hefur aukist.

Niðurstöður

Verkefnið hefur aukinn árangur nemenda í för með sér, markvissari og samfelldari kennslu í íslensku og nemendur eru ánægðari í náminu. Hringekjufyrirkomulagið veitir tækifæri til fjölbreyttra viðfangsefna, þjálfunar í framkomu og tjáningu auk þess sem það eykur lestar- og ritunarfærni. Það eykur möguleika kennara til frekari einstaklingsmiðunar. Þá hafa vel unnar kennsluáætlanir áhrif á undirbúning og útfærslu kennslustunda og slíkt er líklegt til að auka árangur nemenda.

Markmið verkefnisins náðust að hluta á tímabilinu. Áætlað er að ljúka vinnunni á næsta skólaári og innleiða þá breytta kennsluhætti að fullu í bæði 6. og 7. bekk. Þá verður vinnu við vegvísa lokið sem og gerð kennsluáætlana. Vinna heldur þannig áfram og hafa aðrir skólar sýnt áhuga á að kynna sér heildstæð markmið í íslensku.

Áætlun um kynningu á afrakstri

Haut 2011: Foreldrakynning og kynning fyrir starfsmenn skóla.

Skólaárið 2011-2012: Tekið verður á móti þeim sem óska eftir því að koma í skólaheimsóknir og verkefnið þannig kynnt.

Annað: Kynningar þegar eftir þeim er óskað.

Annað

Verkefnið hlaut styrk til greiðslu yfirvinnulauna kennara að upphæð kr. 500.000.

Vegna frávika frá áætlun verða laun ekki greidd kennurum fyrr en vinnu við verkefnið er lokið. Hver kennari fær greitt í samræmi við vinnuhlutfall. Verkefnisstjóra verða ekki greidd laun.

Reykjavík, 21. júní 2011

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, verkefnisstjóri

Yngvi Hagalínsson, skólastjóri